

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 5. tbl. • 10. árg. • 17. des 2010



Gledileg Jól



Fréttir frá Sjálfstæðisfélagi Hveragerðis

Glöggir íbúar hafa væntanlega tekið eftir að einn af föstu punktum tilverunnar í Hveragerði hefur ekki verið sem skyldi að undanfögnu. Þarna á ég við að opna húsið hjá okkur Sjálfstæðismönnum hefur ekki verið á laugardagsmorgnum undanfarna mánuði. Ástæðan er að viðgerðir hafa staðið yfir á húsinu að Austurmörk 2, en það skemmdist töluvert í jarðskjálftanum í maí 2008. Við stefnum að því að taka upp þráðinn 15. janúar nk. vonandi sjáum við sem flesta í morgunkaffi þann dag. Eyþór bæjarfulltrúi mun mæta með vöflujárnið og töfra fram vöflur af sinni alkunnu snilld. Einnig er stefnt að því að fá einhvern gest mánaðarlega en allar hugmyndir um gesti eru vel þegnar.

Aðalfundur félagsins var haldinn 22. nóvember sl. og var hann með hefðbundnu sniði.

Í stjórn voru kjörin þau Eyjólfur K. Kolbeins formaður, Birkir Sveinsson, gjaldkeri, Elínborg M. Ólafsdóttir, ritari en meðstjórnendur eru Berglind Sigurðardóttir og Ingibjörg Björnsdóttir.

Í varastjórn voru kjörin þau Björn Kjartan Björnsson, Ragnheiður Elsa Busk, og Þór Hreinsson.

Starfsemi Sjálfstæðisfélagsins hefur undanfarið verið lífleg og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim fjölmörgu sem starfað hafa með okkur í gegnum árin. Áhugasamir félagsmenn eru grunnurinn að félaginu okkar og því fögnum við nýjum sem vilja bætast í hópinn um leið og við gleðjumst yfir þeirri tryggð sem eldri félagsmenn sýna félaginu.

Fyrir hönd Sjálfstæðisfélags Hveragerðis óska ég öllum Hvergerðingum og öðrum lesendum Bláhvers gleðilegra jóla og farsæls komandi árs um leið og við þökkum ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Eyjólfur K. Kolbeins
Formaður



Útgefandi:
Sjálfstæðisfélag Hveragerðis

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:
Eyjólfur K. Kolbeins, Elínborg María Ólafsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson.

Blaðinu er dreift í öll hús
í Hveragerði og Ölfus dreifbýli.

Upplag:
1100 eintök.

Prentun:
Oddi ehf.

Umbrot:
Einar Þór Guðmundsson
einar.gudmunds@simnet.is

Allir eru hamingjusmiðir



Hveragerði er bæjarfélag með lítið landrými, íbúar búa því eðli máls samkvæmt þétt og því hefur að mínu mati skapast hér einstaklega vinalagt samfélag. Þótt íbúum hafi fjölgað hér mikið þá komast þeir sem nýfluttir eru fljótt inn í hóp þeirra sem lengst hafa búið í bæjarfélaginu. Hér hjálpast fólk að og tekur höndum saman þegar eitthvað bjátar á.

Nú undanfarið hafa mótvindar blásið í þjóðfélaginu og því er svo mikilvægt að standa þétt saman og huga að litlu hlutunum sem skipta svo miklu máli. Jákvæðar hugsanir og gjörðir geta fleytt okkur langt. Með því að temja sér jákvæðni í hugsun kemur jákvæðnin til með að smita út frá sér til fólksins í kringum okkur og til samfélagsins

alls. Við getum aldrei losað okkur við allar neikvæðar hugsanir en ég heyrði skemmtilega nálgun um daginn; fyrir hverja neikvæða hugsun verður maður að koma með þrjár jákvæðar í staðinn til að jafnvægi náist.

Eitt lítið bros, vingjarnlegt viðmót og faðmlag til vinar getur öllu breytt. Brosið sem ekkert kostar gefur ekki einungis þeim sem hlítur heldur einnig þeim sem veitir vellíðan og yl, það að gefa og þiggja er kúnt sem vert er að ná tökum á.

Þegar lundin þyngist næst skulum við leiða hugann að því sem við erum þakklát fyrir. Ég er þakklát fyrir góða fjölskyldu, góða vini, góða heilsu og fyrir að búa á góðum stað þar sem börnunum mínum líður svo vel.

Hamingjan er falin í huga okkar sjálfra, við erum okkar eigin hamingjusmiðir.

Gleðilega jólahátíð.

Unnur Þormóðsdóttir



Kjöt & Kúnst

...fyrir sælkeri!

**Skötuveisla á Þorláksmessu.
Allan daginn og fram á kvöld**

Bjóðum uppá glæsilegt hlaðborð af sjávarkonfekti:
Vel og meðal kæst skata, saltfiskur, fiskibollur, plökkfiskur, hverabrauð, hamsatólg, hnoðmör, rófur, kartöflur og grænmeti, ris á la mandl og brauðsúpa með rjóma og kaffi.
Tilboð á sterkum og skoti.
Við komum þér í rétta jólaskeppið, fagfólk að verki.

Hugheilar jóla- og nýárskeðjur,
Óli og Anna.



Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlárskvöld
kl 20:30 við Pverbrekkur. Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna.


Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hættu sem það getur skapað.

Flugeldasýning verður í umsjón Hjálparseitar Skáta.

Kátt er á Fossflöt á þrettándanum

Jólin verða kvöld á þrettándanum með blysför frá kirkjunni kl. 18:00 og gengið í fylkingu að Fossflöt. Félagasamtök í bænum verða virkir þátttökendur í gleðinni ásamt bæjarbúum. Allir eru hvattir til að koma í búningum til að skapa sanna þrettánda stemningu.

Bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstarfsmenn óskar Hvergerðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum gott samstarf og ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.



Hugvekja

Aðventan er tími eftirvæntingar og tilhlökkunar. Hún er vonartíð. Fæðing frelsarans boðar von. Vonin er framtíðarmál í dag, en lifandi veruleiki innan skamms. Hátíð fer að höndum. Hún kemur á móti okkur úr framtíðinni. Gleðigjöf, dýrmætari en við fáum í raun skilið eða með orðum og óði tjáð. Þess vegna er aðventan mikilvæg, til

að undirbúa sál og sinni, styrkja trú og opna hugi og hjörtu fyrir boðskap jólanna. Jólin væru eitthvað allt annað, ef innihald þeirra væri fagnaðarerindið um frelsi og frið á jörð. Guð kemur til að deila kjörum með mönnunum og blessa tilveru þeirra.

Barnið í jötunni getur verið okkur tákni um varnarleysi mennskunnar í hörðum heimi. Frelsarinn hefur ekki mikil fararefni út í lífið. Hann fær skjól í útihúsi og jötu að láni fjarri heimabyggð. Það fer ekki sögum af sængurgjöfum til Maríu, eða jólagjöfum til Jóseps – en þau tvö gáfu barninu þær gjafir sem dýrmætastar teljast. Ást, umhyggju og trúrækni. Gull, reykselsi og myrra hefðu dugað honum skammt ein og sér á þeirri leið sem hann átti framundan. Gleymum því ekki að Jesúbarnið óx að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum. Hann kenndi og leiðbeindi og þar sem hann gekk um voru himnarnir opnir, eins og þegar hann fæddist, og Guðsríki á jörð gefið öllum mannanna börnum.

Það keypti hann dýru verði fyrir okkar hönd, sem á hann trúum.

Aðventan er bara jólasveinaríki, tómar umbúðir, prangmarkaður, tónaglamur og tilbrigði í sukkinu, ef við gleymum

samhengi fæðingar-starfa-dauða og upprisú Jesú Krists. Endurlausnarverkið er mikil gjöf, sem sannarlega er ekki hægt að veita viðtöku nema með hjartans innsta fögnuði, og gera af því tilefni glaða daga.

Það ætti að vera okkur eðlilegt, að horfa inn á við í hugskotin og hjartarýmin í aðdraganda jólanna og sjá hvernig þar er umhorfs – og ekki síður að horfa í kringum okkur. Hvernig er um að litast í velferðarþjóðfélaginu góða? Við vitum að fleiri fjölskyldur þrá helst á þessum jólum lausn frá áhyggjum af daglegi afkomu sinni. Þrá að fá verk að vinna og að leggja sitt að mörkum til að byggja upp framtíð barna og skapa þeim tækifæri til að vaxa að visku og vexti og verða hamingjufólk.

Bjarmi Betlehemsstjórnnunnar boðar von og bendir til. Hann kemur – ekki til þess að benda á lausnina – heldur til að vera lausnin sjálf – Hann kemur til að greiða leiðina til lífsins og framtíðarinnar.

Undirbúum því komu hans með fögnuði og í eftirvæntingu. Kom þú Immanúel.

Jón Ragnarsson,
sóknarprestur, Hveragerði



Önnum kafin kjörstjórn

Mikið hefur mætt á kjörstjórn sveitarfélagsins þetta árið enda ekki oft sem stjórnin er kölluð saman í þrígang til að stjóna og stýra kosningum. Ársins 2010 verður minnst sem árs hinna mörgu kosninga. Þjóðin kaus nýjar sveitarstjórnir, hún kaus um Icesave samninginn og nú í nóvember til stjórnlagabings.

Það má því segja að kjörstjórnir hafi fengið góða æfingu í kosningahaldi undanfarið. Hér í Hveragerði er kjörstjórn afar vel skipuð góðum konum. Á meðfylgjandi mynd sem tekin er við kosninguna til stjórnlagabings má sjá þær Pálinu Sigurjónsdóttur, Ingu Lóu Hannesdóttur, formann, og Margréti Haraldardóttur í fremri röð. Fyrir aftan þær standa Sigurbjörg Sara Árnadóttir, Guðríður Aadnegaard og Ragnheiður Elsa Busk.

Jólasveinn – Jólasveinn – Jólasveinn

verður í Álnavörubúðinni laugardaginn 18.des. frá kl. 13-15 með glaðning fyrir börnin.

Full búð af nýjum vörum frá London.

Barnaföt, dömuföt, herraftöt, skór, leikföng, efni og fleira. Heitt súkkulaði og kaffi á könnunni.

ÁLNAVÖRUBÚÐIN



Jólaís Kjörís

Súkkulaðið með karamellusósu & súkkulaðistjórnun

Kominn í verslanir



„Alinn upp á trosi í lífsins ólgusjó“

Haustið 1970 flutti forvitnileg fjölskylda inn í Bröttuhlíð 5 í Hveragerði. Í þessari fjölskyldu voru pabbi og mamma, táningsdrengur, barnskólástúlka, leikskólabarn og meira að segja amma. En það var einmitt pabbinn Tómas, sem „forvitið, en velmeinandi lið“ hafði mestan áhuga á, því hann var nýji sóknarpresturinn okkar. Þessi nýji sóknarprestur er nú 40 árum síðar gamli sóknarpresturinn okkar Hvergerðingur. Tómas tók strax jákvætt í bön mína um viðtal í Bláhver, og á heimili hans og Önnu í grafarvoginum naut ég gestrisni þeirra og ánægjulegra samræðna, kvöldstund eina í nóvember.

Ætt og uppruni: Ég er alinn upp á trosi í lífsins ólgusjó í Borgarfirðinum. Ég er fæddur 28. apríl 1926 að Uppsölum í Norðurárdal. Foreldrar mínir voru Guðmundur Tómasson, f. 1891, d. 1980, bóndi og smiður og Ólóf Jónsdóttir, f. 1887, d. 1955. Árið 1929 fluttum við í Tandrasel, sem er á leiðinni upp að Langavatni og þar ólst ég upp.

Voru þið mörg systkinin: Við vorum fimm, ég var fjórði í röðinni og eini drengurinn. Eldri systur mínar, sem eru nú allar látnar, voru Fjóra, f. 1912, bjó á Stóru-Skógum, Halldóra, f. 1917, bjó í Kópavogi og Margrét f. 1921, sem bjó á Selfossi. Yngsta systir mín Ásta, f. 1930 býr á Selfossi.

Var þá dekrað við þig, prinsinn á bænum? Nei það var ekki hægt að dekra neinn, móðir mín var sjúklingur og ég steig fyrir hana rokkinn og hún kenndi mér að þrjóna. Við börnin þurftum að ganga í öll verk, úti sem inni. Og í vinnu að heiman fór ég fyrst 13 ára, í vegavinnu sem kúskur. Þá strax ákvað ég að mennta mig, því umræðan hjá vinnufélögunum, ungum og duglegum var að komast í vetrarvíst, skilyrði að eitt herbergi væri upphitað, útvarp á bænum og sæmilegt að éta. Og þá hugsaði ég mér: „Þessu tek ég ekki þátt í“. Ég komst í skóla í Reykholti 15 ára gamall, var tekinn inn á undanþágu af því ég var af ungur og þar var ég í 2 vetur. Sumarið 1945 var ég í vinnu hjá rafverktaka og vann m.a. við að rífa bragga og setja upp vindmyllur í

sveitum. Ég ætlaði mér að læra rafvirkjun, en komst ekki á samning, en þetta haust tóku menntunaráform mín nýja stefnu. Við vorum að endurnýja rafmagnið í Tryggvaskála, hjá Brynjólfi veitingamanni, sem var mjög skemmtilegur karl. Ég var ekki í fæði þar, en þarna í september átti ég einungis eftir nokkrar klukkustundir í vinnu og bauð hann mér að borða hjá sér. Þá heyrði ég auglýst í útvarpinu, að það væri laust pláss í nýstofnaðri gagnfræðadeild við Héraðsskólann að Laugarvatni. Ég var ekkert að hika, hringdi strax og sótti um skólavist. Mér var þá sagt að hringja eftir hádegi á daginn eftir, sem ég gerði og þá var ég boðinn velkominn til náms. Ég lærði mikið þennan vetur og var í hópi fyrstu nema, sem tóku Landspróf á Laugarvatni. Bjarni skólastjóri sótti um skólavist fyrir mig og 3 aðra útskriftarnema í Menntaskólann á Akureyri. Þar stundaði ég nám næstu 4 árin og tók stúdentspróf vorið 1950.

Var það á Akureyri, sem þú kynntist konunni þinni? Já, á Akureyri var mikið af fallegum stelpum, það var offramboð. En það gekk samt ágætlega að velja, hún heitir fullu nafni, Anna Ólóf Sveinbjörnsdóttir fædd 13. júní 1931. Foreldrar hennar voru Sveinbjörn Sigurðsson loftskreytamaður, f. 1901, d. 1940 og Ólafía Þuríður Pálsdóttir, f. 1900, d. 1988.

Og hvar bar fundum ykkar saman? Við kynntumst á Framsóknarvíst, sem er alls ekki félagsvíst á vegum Framsóknarflokksins, eins og nafnið gæti gefið til kynna, heldur var spilavistin nefnd þetta. Sennilega var það íþróttafélagið KA, sem stóð fyrir þessu, Anna var í því félagi og stundaði þar ýmsar íþróttir, m.a. handbolta og kúluvarp. Hún hefur alltaf verið góð íþróttakona og stundar í dag bæði golf og skíði.

Var auðvelt að fá vinnu á menntaskólaárunum? Á menntaskólaárunum hafði ég alltaf mjög góða sumarvinnu. Ég vann í 4 ár hjá Guðna Þorsteinssyni múrara. Ég hafði kynnst honum þegar ég vann hjá rafvirkjanum og hann virtist þá ekki hafa miklar mætur á mér, jós yfir mig skömmum eins og hann átti stundum til. Það kom mér

þess vegna á óvart að hann skyldi bjóða mér vinnu, en hann sagði að það hefði verið misskilningur á milli okkar þegar hann reiddist mér um árið. Ég hafði þarna góðar tekjur, frítt fæði og húsnæði, sem reyndar var oft ekki mönnum bjóðandi, oft byggingarnar sjálfar og jafnvel fullt af mótatimbri í kring um bælið. Við unnum, m.a. á Borgarfirði eystra, Reykhólum og lengi við byggingu Fornahvams en þar lærði ég að múra. Guðni var austfirðingur, bjó lengi á Selfossi og á fjölda afkomenda þar og líka hér í Hveragerði.

Tókstu ákvörðunina um guðfræðina á menntaskólaárunum? Nei, hugmyndin að guðfræðináminu fæddist hjá vinnufélaga mínum í lögreglunni á Siglufirði, þar sem ég vann sumarið eftir stúdentspróf. Hann sá í mér einhvern góðan efnivið í prest og tókst að sannfæra mig. Á Siglufirði hafði ég vonast til að komast á síld líka, sú von brást, en ég komst hins vegar í uppskipun og kynntist þar allra hörðustu körlum sem ég hef nokkurn tímann unnið með. Sumarhýran dugði skammt, enda þurfti ég að kosta bæði fæði og húsnæði. Þarna voru erfiðir tímar í þjóðfélaginu, það var búið að vera mikið atvinnuleysi 1949 og 1950 og stór gengisfelling 1950.

Hvernig gekk að fjármagna námið, voru námslán? Nei það voru engin námslán, ég fékk mér starf í lögreglunni í Reykjavík og margir skólafélagar mínir komu á eftir. Ég stundaði tíma að 2/3, því vaktir voru þannig.

Varstu þá búin að stofna fjölskyldu? Já, við giftum okkur 20. október 1951 og byrjuðum að búa í einu herbergi á Nýja garði með eina gormahellu og 2 diska, sem eru því miður brotnir núna. Svo leigðum við 1 herbergi með aðgang að eldhúsi og vorum svo komin í eitt herbergi og eldhús. Það var fljótt þörf á meira rými og fleiri diskum, því vorið 1952 fæddist okkur drengur. Hann var skírður Sveinbjörn eftir móðurafa sínum, sem látist hafði af slysförum, langt um aldur fram.

Varstu í lögreglunni allan námstímann? Já, nema frá áramótum og fram á vor útskriftarárið mitt. Þá tók ég mér launalaust leyfi til að geta einbeitt mér að náminu fyrir prófin, en þá vildi ekki betur til en svo að ég varð veikur í heilan mánuð. Ég hafði alist upp afskekkt og fékk aldrei pestir, en þarna fékk ég bæði hettusótt og rauða hunda í einu. Útskriftin var 29 maí 1955, en það var engin útskriftarveisla og ég fór beint á næturvakt um kvöldið.





Og hvar var fyrsta brauðið? Ég var hvattur til að sækja um Patreksfjörð, sem ég gerði og fékk það. Ég átti að taka við starfinu 1. janúar, en þar sem prestlaust var, var ég beðinn að fara vestur og sjá um jólahelgihaldið. Ég féllst á það, fór þangað fljúgandi í mjög slæmu veðri á aðfangadag og ætlaði heim aftur á annan í jolum. Óveðrið hélt dögum saman og ég komst ekki suður aftur fyrr en 7. janúar, og þá með strandferðaskipi. Það mátti ekki tæpara standa því ég var vígður til prests daginn eftir, þann 8. janúar 1956. Vígslan fór fram í Dómkirkjunni af Herra Ásmundi Guðmundssyni biskupi. Athöfnin var mjög hátíðleg og lögregluvaktin mín stóð heiðursvörð fyrir utan kirkjuna.

Er eitthvað minnstætt frá fyrstu jölunum á Patreksfirði? Já, ég var gestur hjá hjónum, Ágústi og Ingvaldi og borðaði hjá þeim á aðfangadagskvöld. Þegar ég hafði nýlengið við eftirrétinn heyrði ég allt í einu barnsgrát, sem ég vissi ekki hvaðan kom. Þá hafði frúin brugðið sér frá og fætt barn án þess að ég sæi þess merki að hún ætti von á sér. Þetta stúlkubarn sem þarna fæddist, skírði ég, fermdi og gifti og held alltaf sambandi við. Enn í dag hringi ég stundum í hana á afmælinu hennar.

Og síðar tókst þú sjálfur þátt í fjölgun íbúa? Já, fyrir vestan fæddust bæði yngri börnin, Ólöf Elín er fædd 1958 og Guðmundur 1964.

Hvernig samfélag var Patreksfjörður á þessum tíma? Patreksfjörður var mjög einangraður staður, jeppafært þangað 3 mánuði á ári. Strandferðaskip kom á hálf mánaðar fresti, en stundum bara á 3ja – 4ra vikna fresti. Allt snérist um fisk og þeir, sem gátu verið í betri fötum alla daga voru álitnir iðjuleysingar. Ég var því notaður í allt mögulegt, ég sá um sjúkraflutninga og annaðist svæfingar við aðgerðir á sjúkrahúsinu öll árin. Það urðu um 500 svæfingar og allir vöknudu. Þýskir og breskir togarar sóttu til Patreksfjarðar með sína lækniþjónustu af því þjónustan var svo góð. Ég blés lífi í Iðnskólann og var þar skólastjóri 1957-1969. Þangað komu einnig nemendur frá Bildudal, Tálknafirði og Þingeyri og nærliggjandi sveitum. Á þessum stöðum voru margir starfandi iðnaðarmenn, sem vantaði réttindi og voru mjög þakklátir fyrir tækifæri til menntunar. Ég var einnig við forfallakennslu barnaskólann. Síðan gegndi ég ótal félagsstörfum, var í skattaneft, stjórn Sjúkrasamlags, stjórn prestafélags vestfjarða, stjórn Héraðsbókasafns Vestur-Barðastrandasýslu og var bókavörður.

En voru preststörfin ekki ærin þarna fyrir vestan? Jú, Sóknirnar í Vestur Barðastrandsýslu voru 9 og löngum var ég einn og hélt uppi reglulegu helgihaldi.

Starfið krafðist því oft tímafrekra ferðalaga, en það sem ég græddi á því var að kynnast yndislegum persónuleikum eins og Gísla á Uppsölum og Samúel í Selárdal, sem var mikill öðlingur.

Lá leið þín síðan beint til Hveragerðis frá Patreksfirði? Ég hafði viðkomu í Svíþjóð. Ég sótti um leyfi til að stunda framhaldsnám í sjúkrahúsiþjónustu og kirkjulegu félagsstarfi við St.Lukas stiftelsen í Stockhólmi. Við fórum þangað öll fjölskyldan haustið 1969. Þetta var djörf ákvörðun, því við áttum lítinn farareyri og auk þess skattaskuld, því þá voru allir skattar greiddir eftir á. En allt blessaðist þetta. Anna og Sveinbjörn fengu vinnu í Luma ljósaperuverksmiðjunni og svo skúruðum við allar nætur, bæði í vöruhúsi og á Arlanda flugvælinum. Anna fór í skóla, sótti nám við Linnéskólann í Uppsölum. Við bjuggum í Märsta, sem var nýtt þorp milli Stockhólms og Uppsala.

Fékkstu tækifæri til að messa á sænsku? Já, ég tók 20 messur, en til þess þurfti ég leyfi frá erkibiskupnum í Uppsölum sem prófaði mig. Hann sat við stórt skrifborð á upphækkuðum palli og ég sat við fótiskör hans. Og ég gat svarað öllum spurningum hans. Stundum var lítill fyrirvari til undirbúnings, einu sinni fékk ég að vita á föstudegi að ég ætti að taka 2 messur á sunnudegi.

Hvernig kom þetta svo til með Hveragerði, ætlaðir þú ekki aftur til Patreksfjarðar? Nei. Í bréfi (sem var 5 blaðsíður og 4 þeirra lýstu sænska vorinu), sem ég fékk frá biskupi á vordögum varð ég að taka strax við Patreksfirði eða segja embættinu lausu. Ég reiddist þessum úrslitakostum sem mér voru settir því mér var lofað ársleyfi og sagði embættinu lausu.

Ég hafði sótt um Hveragerðisprestakall áður en ég fór út og fékk það ekki en sá sem fékk það, Ingþór Indriðason stoppaði stutt og ég var eini umsækjandinn þegar hann fór. Þetta var haustið 1970 og ég var settur í embætti í Strandakirkju í desember 1970 af Sigurði Pálssyni vígslubiskupi.

Hvernig var Hveragerði þú komst hingað?



Hveragerði var bændasamfélag, en opið og gjörólíkt Patreksfirði, Þorlákshöfn aftur á móti sjávarþorp. Á þessum tíma var ekki uppgangur í samfélaginu, kirkjan var bara fokheld og að sjálfsögðu fór mikil orka og vinna í að koma henni í notkun. Samstarfsfólk mitt fyrstu árin var því byggingarnefndarfólk og iðnaðarmenn auk hins venjubundna starfsliðs kirkjunnar. Og þó Hvergerðingar væru almennt ekki að amast við mönnum, sem gengu í betri fötum á virkum dögum, þá tók ég mér samt pensil í hönd og vann við að mála kirkjuna. Það var gaman að starfa með Jóni Guðmundssyni byggingarmeistara og strákunum hans, Didda og Ásgeiri. Þarna voru líka Sigurður Svanhólm, smiður og Eyþór múrari, sem lagði gólfð. Og ekki má gleyma Gísla málara, þeim harmonikkusnillingi. 1971 var safnaðarheimilið vígt til helgihalds og sama ár var haldin glæsileg blómasýning í kirkjubyggingunni. Kirkjan var vígð 14. maí 1972, en enn var mörgu ólokið og lán sem lofað hafði verið brást. Það var samtakamáttur margra með Kvenfélag Hveragerðis í fararbroddi, sem sá um fjáröflun. Og góðan stuðning veitti Gísli Sigurbjörnsson í Ási. Ég þjónaði líka öllu Ölfusinu, Þorlákshöfn og Selvogi. Prestakallinu var ekki skipt fyrr en 1991. Kirkjurnar voru á Kotströnd, Hjalla og Strönd. Það var messað í Strandakirkju 15 sinnum á ári, einnig var messað mánaðarlega í Kapellu HNLFÍ og morgunbænir voru alla sunnudaga kl. 10 á Dvalarheimilinu Ási.

Starfsfólk
Arion banka

óskar þér og þínum
gleðilegrar hátíðar

Við þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.

 Arion banki

Jónatan Skagan, vistmaður í Ási var organisti við morgunbænir þar og Ragnheiður Busk á heilsuhælinu. Hún var líka alltaf boðin og búin til að leysa af annars staðar ef með þurfti. Ég var með fasta viðtalstíma í Þorlákshöfn og á heilsuhælinu, annars var skrifstofan mín árum saman á heimili okkar Önnu.



Hvernig var safnaðarstarfið uppbyggt fyrir utan guðsþjónustur? Börnin fjölmenntu í sunnudagaskóla og margir sóttu í Biblíulestra, oft um 20 manns. Mér fannst mikilvægt að fá tónlist barna inn í kirkjuna og var alltaf í góðu samstarfi við tónlistarkennara og kórstjóra. Í Þorlákshöfn og Hveragerði hefur starfað fjöldi hæfileikafólks á því sviði, sem náði frábærum árangri með börnin. Þegar ég kom fyrst í Þorlákshöfn var Vernharður Linnet þar með blokkflautuhljómsveit, sem reyndist góður undirbúningur fyrir annað nám á blásturshljóðfæri og ekki var minnstur hlutur Ingimundar Guðjónssonar söngstjóra í Þorlákshöfn. Hilmar Örn og Kristín Sigfúsdóttir voru með barnakóra og settu upp helgileiki með söng. Kristján



Ólafsson, Róbert Darling og Malcom Hollow voru með lúðrasveitir sem þeir stjórnðu af myndarskap. Tónleikar með börnum voru mánaðarlegur viðburður. Malcom þakkaði mér fyrir að gefa börnunum þetta tækifæri til að koma fram, en ég hafði aðallega hugsað um gleðina sem þau veittu öðrum með tónlist sinni. Í kirkjunni hafa mörg börn stigið sín fyrstu skref á tónlistarsviðinu og má þá nefna systurnar Hildi og Rakel Magnúsdóttur í því sambandi. Kórastarfið var einnig með miklum blóma, kirkjukórinn var mjög fjölmennur, mikið félagslíf í kring um hann og fór t.d. einu sinni til Jerúsalem um jólin. En ég var alltaf tortryggin á stofnun samkórs, fannst mannskapurinn ekki nægur til að halda uppi mörgum kórum. Ég vann með mörgum frábærum organistum, byrjaði með Lúllu, Louisu Ólafsdóttur frá Arnarbæli og endaði með Boggu, Björgu Hilmisdóttur, og svo voru margir frábærir þar á milli. Náinn samstarfsmaður í kirkjunni til margra ára var Jón Helgi Hálfðánarson meðhjálpari, sem einnig rak útfararþjónustu.

Varstu líka við kennslu hérna? Já ég sinnti svolítið forfallakennslu í Hveragerði, en kenndi, stærðfræði og íslensku við iðnskólann á Selfossi í 12 ár. Iðnnámið hafði alltaf sterk ítök í mér. Mér gekk vel að halda mönnum við efnið, því ég tók mér alltaf tíma til að spjalla og hlæja.

Eftir að störfum lauk í Hveragerði, settist prófasturinn í helgan stein? Þegar ég hætti haustið 1995 var ég búin að vera starfandi prestur í 40 ár og prófastur frá 1986, en þá tók ég að mér ýmis afleysingastörf. Ég var á Ísafirði 1 ½ mánuð það haustið, þar hvíldi skuggi yfir vegna snjóflóða, bæði á Flateyri og Súðavík, sem enn var í sárnum. Þetta var erfiður tími en lærdómsríkur. Haustið 1996 starfaði ég í Langholtssókn þegar Flókamálið kom upp. Ég átti að koma á friði og var þar til vors 1997. Núna fer ég alltaf þangað einu sinni í viku og starfa með eldri borgurum. Þá byrjum við á helgistund, síðan er borðað, spilað og dansað. Þarna koma saman 80 – 100 manns og er vel haldið utan um hópinn. Um tíma var ég settur aðstoðarprestur í Víðalínskirkju í Garðabæ, líka á óróatíma vegna presta. Nokkrum sinnum hef ég farið í afleysingar til Vestmannaeyja, því þar má aldrei vera prestlaust og hef ég skírt, gift og jarðað þegar ég hef þjónað þar. Við Anna tilheyrum félagi eldri borgara hér í Grafarvogi, sem nefnir sig Korpúlfa. Þar er Listasmiðja, spilað á spil, bingó, gönguferðir og ferðalög. Við höfum ferðast mikið, bæði innnanlands og erlendis og farið bæði í golf- og skíðaferðir. Einnig höfum við ferðast um Kanada stranda á milli. Við erum sem sagt á faraldsfæti, ekki fallandafæti.

Þú hefur væntanlega notið jólanna á annan hátt eftir að þú lést af störfum? Já, á þeim 40 árum, sem ég var starfandi fékk ég bara frí árið sem ég var í náminu í Svíþjóð og þegar kirkjukórinn í Hveragerði fór til Jerúsalem. Þá lá afleysingarpresturinn veikur á eftir tórnina, því oft voru 10 messur um jól og nýár. Við höldum jólin alltaf hjá einhverjum af börnunum okkar, í fyrra vorum við hjá Gumma í Belgíu, en núna verðum við hjá Ólöfu Elínu.

Hvað er svo að fréttu af fjölskyldunni eftir öll þessi ár? Anna vann lengi á Dvalarheimilinu Ási sem leiðbeinandi við handavinnu, föndur og aðra afþeygingu. Hún fór í nám til Svíþjóðar, útskrifaðist sem iðjupjálfi 1983 og starfaði við það í 25 ár hjá Gigtarfélaginu.

Sveinbjörn er flutningabifreiðastjóri og kvæntur Dagmar (Döddu) Ásgeirsdóttur frá Hveragerði. Þau bjuggu lengi á Neskaupstað, en búa nú í Reykjavík, þau eiga 3 dætur og 4 barnabörn.

Ólöf Elín er fatahönnuður og kjólameistari og nú í námi til að fá kennsluréttindi. Hún er gift Ísleifi Sveinssyni, þau búa í Mosfellsbæ og eiga 3 börn og 1 barnabarn.

Guðmundur er flugstjóri og kvæntur Fríðu Jónsdóttur, þau eiga 3 börn og búa í Belgíu.

Ólafía, móðir Önnu, sem bjó hjá okkur lést árið 1988.

Og þótt forvitni okkar eldri Hvergerðinga hafi að nokkru leyti verið svalað við kynni af Séra Tómasi á þeim 25 árum, sem hann þjónaði okkur, vonast ég til að viðtal þetta hafi bætt um betur og einnig gefið nýjum Hvergerðingum tækifæri til að kynna honum lítilsháttar. Við þökkum Séra Tómasi innilega fyrir langa og dygga þjónustu, og þeim hjónum tryggð og vináttu í þau 40 ár, sem þau hafa verið tengd samfélaginu. Við óskum Tómasi, Önnu og fjölskyldu þeirra gleðilegrar jólahátíðar með ósk um gæfuríka ævi um ókomin ár.

Hveragerði, des. 2010
Pálína Sigurjónsdóttir

Jólakveðja frá Hjálparsveit Skáta Hveragerði

Árið hefur borið margt í skauti sér. Þar ber hæst 35 ára afmæli sveitarinnar í september en þá var húsið okkar einnig vígt. Fór vígslan glæsilega fram og fengum við margar góðar gjafir. Þökkum við kærlega fyrir sýndan hlýhug.

Sveitin hefur farið í margar ferðir, að Gufuskálum, á Byggðasafnið á Skógum, vinnuferð í Kerlingarfjöll og í hálendisgæslu.

Fjáröflun er nauðsynleg til að halda úti starfi sveitarinnar. Er vinnan við slíkt síst minni en við æfingar, ferðir og útköll. Við sinnum gæslu í Hallgeirsey fyrstu helgina í júlí, umferðargæslu á Blóm í bæ, höldum tvær flugeldasýningar á ári, gefum út dagatal, seljum jólatré, flugelda og neyðarkallinn, ásamt mörgum öðrum minni verkefnum. En þess má geta að sala á neyðarkallinum hefur aldrei gengið jafn vel hjá okkur og þökkum við Hvergerðingum góðar viðtökur.

Undanfarin ár hefur leik- og grunnskólabörnum verið gefin endurskinsmerki um leið og farið er yfir það hversu mikilvægt er að fara varlega í umferðinni. Undanfarin ár höfum við sýnt forvarnarmyndina „Ekkert fíkt“ í elstu bekkjum grunnskólans til að brýna fyrir unglingum að fara varlega með flugelda.

Útköll Hssh hafa verið 38 á árinu. Á þessu ári voru óvenjulegustu útköllin okkar þau sem tengdust eldgosinu, enda ekki oft sem að sveitin sinnir öskumokstri og lokunum á þjóðvegum vegna eldgoss. Framundan er jólatrjáa- og flugeldasala. Í fyrra var send mynd til að lita inn á öll heimili í Hveragerði. Dregirnir voru út þrír vinningshafar sem hlutu fjölskyldupakka sem afhentir voru á gamlársdag. Mæltist þessi leikur mjög vel fyrir og verður því endurtekinn í ár. Ennfremur fara nöfn allra þeirra sem kaupa jólatré í pott sem dregið verður úr á gamlársdag og hlýtur viðkomandi fjölskyldupakka í verðlaun.

Jólatréssalan verður opin:

Virka daga frá 18:00-21:30.
Helgar frá kl 14:00-18:00.



Við óskum Hvergerðingum öllum gleðilegra og slysalausra jóla um leið og við þökkum stuðninginn á árinu. Hlökkum til að sjá ykkur í jólatrjáa- og flugeldasöluinni.

Félagar Hjálparsveitar skáta Hveragerði.



Við áramót

Í árslok horfi ég til baka og rifja upp atburði liðins árs sem hefur verið viðburðaríkt.

Fjöldi ferðamanna leggur árlega leið sína í bæinn okkar. Til að auka afþreyingu voru sett upp vatns- og leirfótaböð á hverasvæðinu. Það gerðu líka landnámsshæurnar sem nú hafa tekið sér bólfestu á hverasvæðinu gestum til ánægju. Grettistaki var lyft í umhverfismálum enda voru flestir sammála um að bærinn hefði aldrei lítið betur út.

Sýningin Blóm í bæ var haldin í annað sinn í sumar og þúsundir gesta lögðu leið sína hingað. Aftur streymdu hingað þúsundir þegar Blómstrandi dagar voru haldnir í ágúst. Þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg til að þessir viðburðir gætu orðið að veruleika er hér með þakkað innilega fyrir þeirra framlag.

Enn gætir áhrifa jarðskjálftans stóra en á árinu var hið sögufræga hús Ullarþvottastöðin rifin og fleiri hús hlutu sömu örlög á árinu. Framkvæmdir voru umtalsverðar við sundlauginu í Laugaskarði en þar þurfti að endurbæta laugarkerið vegna skemmda sem á því urðu í skjálftanum.

Golfklúbburinn fékk umhverfisverðlaun bæjarins árið 2010 og var vel að þeim kominn. Magnús Þór Sigmundsson hlaut menningarverðlaun Hveragerðis árið 2010 sem afhent voru þann 17. júní.

Mikið átak var gert í öryggismálum bæjarbúa en settar voru upp öryggismyndavélar auk þess sem íbúar tóku upp nágrannavörslu og vakta nú eignir hvers annars með góðum árangri.

Íbúar í Valsheiði gróðursettu tré í hverfisreitinn sinn og það gerðu einnig börnin í Óskalandi sem taka nú virkan þátt í skógrækt á opnu svæði við hlið leikskólans.



Gangstéttin meðfram Breiðumörk og upp Gossabrekku hefur verið endurnýjuð að stórum hluta. Planið við Mjólkurbúið var malbikað ásamt Varmahlíðinni. Mælir sem mælir brennisteinsvetni var settur upp og mun það koma sér vel nú þegar ráðherra hefur sett reglugerð um styrk þessara efna í andrúmslofti. Fyrsti áfangi heilsustígs meðfram Reykjafjalli er nú staðreynd og stefnt er að vígslu hans í vor.

Teikningar að viðbyggingu við Grunnskólann voru unnar og kynntar á vormánuðum og jarðvegsskiptum lokið fyrir gervigrasvöll.

Hér hefur einungis verið tæpt á örfáum atriðum úr minningabanka ársins 2010. Þessa árs verður án vafa minnst í sögubókum sem efnahagslega erfiðs árs og ekki síður sem árs hinna stóru hamfara. Þetta er árið þegar Icesave átti fréttirnar, efnahagskreppan virtist í algleymingi og eldgosíð í Eyjafjallajökli þeytti þjóðinni í heimspressuna svo um munaði. Þrennar kosningar og pólitísk ólga einkenndi samfélagið. Þetta er líka árið þar sem við Hvergerðingar höfum átt saman margar gleðistundir en okkur hefur líka borið gæfa til að sameinast á afar erfiðum tímum. Gleymum því aldrei að í samfélagi eins og okkar þá skiptir hver einstaklingur svo óendanlega miklu máli. Hér erum við öll hluti af hópi. Hópi sem hefur valið að búa í Hveragerði. Það er síðan okkar sem valist höfum til þess að stýra bæjarfélaginu að sjá til þess að það sé gert með hag allra að leiðarljósi. Það munum við gera hér eftir sem hingað til.

Ég vil fyrir hönd bæjarfulltrúa Sjálfstæðisfélags Hveragerðis senda lesendum Bláhvers óskir um gleðilega jólahátíð, frið og farsæld á komandi ári um leið og við þökkum ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem nú er að líða.

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri



Sýnum vináttu

Aðventan er tími margvíslegra upplifana. Tími anna, spennu og tilhlökkunar. Þá er nefnilega svo margt að gera, margt í boði og neyslan í algleymingi. Þó er það svo að á aðventunni, þrátt fyrir allar annirnar og alla neysluna, verður það okkur ljóst einmitt þá hvað mestu varðar í lífinu. Að vera með fjölskyldu og vinum, að fá að rækta þau tengsl sem okkur eru mikilvægust, þau tengsl sem gera okkur að þeim manneskjum sem við erum og viljum vera. Hér í Hveragerði hefur sannarlega verið nóg um að vera fyrir jól eins og sjá má í viðburðadagatali Hveragerðisbæjar, Jól í bæ sem fór inn á hvert heimili, og mörg tækifæri til að njóta ýmissa viðburða saman.

Nú eru hins vegar erfiðir tímar víða, það eru engar fréttir. Fólk hefur minna milli handanna og því reynir á. Því er nú enn mikilvægara en áður að við gerum okkur grein



fyrir mikilvægi þess að búa í góðu samfélagi, ræktum góðu gildin sem ekkert kosta en eru öllum dýrmæt. Í góðu samfélagi hefur fólk augun opin fyrir þörfum annarra. Nágrannavarslan hér í Hveragerði hefur gefið góða raun, en ég held að einnig sé tilvalið nú að líta á hana þannig að við látum okkur enn frekar varða nágranna okkar, náunga okkar. Ekki þannig að við förum að hnýsast og gægjast á glugga, en verum ekki feimin við að rétta út hjálparhönd þar sem hennar er þörf, eða sýna vináttu. Þannig leggjum við hvert og eitt okkar af mörkum til að skapa það samfélag sem við viljum byggja.

Ninna Sif
Svavarsdóttir.

SUUNTO

Lítið og létt úr með Full GPS navigation, 76g
Með öllu sem þarf að hafa uppi á fjöllum.
Tilvalið fyrir björgunarsveitamenn.

Verð 84.435 kr

Jólatilboð 71.769 kr.

Nýjasta púlsklukkan frá SUUNTO
Þægilegt og auðvelt í notkun
Stafrænn hjartsláttur og kalóriubrennsla

Jólatilboð 21.488



PODIUM GOLD™

Næsta kynslóð fæðubótarefna fyrir afreksfólk.
Inniheldur Kreatín og B-alanín.
Eina fæðubótarefnið sem viðurkennt er af
Alþjóða Lyftingasambandinu.

Fæst aðeins hjá SportTækjum

Þrír heppnir vinir PODIUM GOLD™ fá jólaglaðning.

SportTæki ehf.
www.stk.is Sími 522-3900

X10 MILITARY
M5 ALLBLACK





*Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*



ENDOR
KERFISLAUSNIR
www.endor.is - Sími: 512-4600 GSM: 894-7818 - endor@endor.is

BÍLAVOTTUR
ÚLLA-BÓN
S:8607111



2008 ehf
TRAMONTINA



Upplýsingamiðstöð Suðurlands
Sími: 483 4601



MÚRÞJÓNUSTA
Helga Þ hf. S:896-4757 893-2429

MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónusta

Hverabakarí
483-4879 • 483-4179

Fag-Vís
Breiðumörk 13
sími: 483-5900

Konungur dýranna
Sunnumörk 2
sími: 483-3020

Hársnyrtistofan Opus
Breiðumörk 2
sími: 483-4833

Bílaþjónusta
A Michelsen
sími: 483-4166

Blómaborg
Breiðumörk 12
sími: 483-4225

Hannyrðabúðin
Sunnumörk 2
sími: 555-1314

HOFLAND-SETRID

BREIÐUMÖRK 2B - HVERAGERÐI

PIZZA SMÁRÉTTIR BAR

Sími-483 4467

Opnunartími um jól og áramót:

Aðfangadagur **Lokað**
Jóladagur **Lokað**
Annar dagur jóla **Lokað**

ATH!!! Hádegis hlaðborð fellur niður
milli jóla og nýárs

Gamlársdagur **Lokað**
Nýársdagur **Lokað**



Óskum
Hvergerðingum, nærsveitum
og viðskiptavinum okkar,
Gleðilegra jóla og farsældar
á nýju ári.

Gæði-Þjónusta-Lipurð-Stöðugleiki.

www.hoflandsetrid.is

